

**Stefán Árni Pálsson**

**Fjölmiðlaumfjöllun íslenskra dagblaða við birtingu  
Rannsóknarskýrslu Alþingis 2010.**

**- BA-ritgerð -**



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

**Umsjónarkennari: Þorbjörn Broddason**

**Stjórn málafræðideild Háskóla Íslands**

**Janúar 2011**

## Efnisyfirlit

<b>Útdráttur</b> .....	<b>4</b>
<b>Inngangur</b> .....	<b>5</b>
Lárétt og lóðrétt eignarhald .....	7
Fréttablaðið.....	8
Morgunblaðið .....	9
DV .....	10
Viðskiptablaðið .....	10
<b>Aðferðafræðin</b> .....	<b>11</b>
Rannsóknaraðferð.....	11
Þátttakendur.....	12
Áreiti.....	18
Mælitæki.....	19
<b>Niðurstöður</b> .....	<b>20</b>
Morgunblaðið .....	23
Fréttablaðið.....	26
DV .....	30
Viðskiptablaðið .....	33
<b>Umræður og lokaorð</b> .....	<b>35</b>
<b>Heimildir</b> .....	<b>37</b>

## Myndayfirlit

Mynd 1. Niðurstöður eftir greiningu á Morgunblaðinu þegar kemur að fjármálafyrirtækjum.....	25
Mynd 2. Niðurstöður eftir greiningu á Morgunblaðinu þegar kemur að stjórnsýslunni.....	25
Mynd 3. Niðurstöður eftir greiningu á Fréttablaðinu þegar kemur að fjármálafyrirtækjum...	29
Mynd 4. Niðurstöður eftir greiningu á Fréttablaðinu þegar kemur að stjórnsýslunni.....	29
Mynd 5. Niðurstöður eftir greiningu á DV þegar kemur að fjármálafyrirtækjum.....	32
Mynd 6. Niðurstöður eftir greiningu á DV þegar kemur að stjórnsýslunni.....	32
Mynd 7. Niðurstöður eftir greiningu á Viðskiptablaðinu þegar kemur að fjármálafyrirtækjum.....	34
Mynd 8. Niðurstöður eftir greiningu á Viðskiptablaðinu þegar kemur að Stjórnsýslunni.....	34

## Útdráttur

Viðfangsefni þessara ritgerðar var að reyna koma auga á hvort umfjöllun dagblaða á Íslandi sé á einhvern hátt lituð af hagsmunaaðilum tengdum þeim. Umfjöllunarefnið var Rannsóknarskýrsla Alþingis 2010 og hvernig prentmiðlarnir fjölluðu um niðurstöðu rannsóknarnefndarinnar. Við þessa athugun var stuðst við dagblöðin; *Fréttablaðið*, *Morgunblaðið*, *DV* og *Viðskiptablaðið* en alls voru greindar 213 blaðagreinar sem tengdust umfjöllunarefninu á tímabilinu 9.apríl – 23.apríl 2010. Markmiðið var að finna út hverskonar ímynd ákveðin fyrirtæki og stofnanir fengu út frá greinum blaðanna og hvort mikill munur væri á umfjöllun prentmiðlana í landinu. Þau fyrirtæki og stofnanir sem voru til umræðu gátu ýmist fengið *jákvæða*, *neikvæða* eða *hlutlausu umfjöllun* í greiningunni. Þær niðurstöður sem komu fram leiddu það í ljós að blöðin virtust hylma yfir þeim hagsmunaaðilum sem tengdust hverju blaði fyrir sig. Neikvæð umfjöllun var áberandi gagnvart nánast öllum þáttum en það sem stóð uppúr var að blöðin virtust sleppa að greina frá misförum tengdra aðila. Þetta var frekar greinilegt hjá Fréttablaðinu og Morgunblaðinu en minna áberandi hjá DV og Viðskiptablaðinu.

# Inngangur

*„Hugtakið fjölmiðill hefur verið skilgreint sem stofnun eða fyrirtæki, lögaðili, sem safnar, metur og setur reglulega fram upplýsingar í því skyni að dreifa þeim reglulega til umtalsverðs fjölda fólks á tilteknu svæði“ (Nefnd Menntamálaráðherra, 2005, bls. 9).*

Fjölmiðlar sinna mikilvægu hlutverki í heiminum og nú sérstaklega þegar tækniþróunin er eins ör og raun ber vitni. Upplýsingar berast manna á milli á örfáum andartökum með tilkomu veraldarvefsins og hefur mikilvægi vandaðrar fjölmiðlaumfjöllunar aldrei verið meira. Fjölmiðlar hafa mismunandi hlutverk í samfélaginu, en eitt af því allra mikilvægasta er að stuðla að því að þegnar samfélagsins geti tekið afstöðu í lýðræðislegum ákvörðunum, t.d. í kosningum. Fjölmiðlar verða einnig að veita ríkisvaldinu það aðhald sem nauðsynlegt er til að stjórnvöldin leiðist ekki út af veginum og sé samkvæm sjálfri sér. Fjölmiðlum ber skylda til þess að greina alltaf rétt frá og sýna algjört hlutleysi í sinni umfjöllun. Fjölmiðlar í einkaeigu hafa verið stórtækir í hinum vestræna heimi og umfjöllun slíkra fjölmiðla hefur stundum verið gagnrýnd fyrir að hafa hagsmuni eigenda sinna að leiðarljósi, en slík umfjöllun getur verið mjög hættuleg fyrir samfélagið í heild sinni.

Umfjöllun fjölmiðla hefur ávallt verið mikilvægur þáttur í að viðhalda lýðræðislegu stjórnarfari og því gegna íslenskir fjölmiðlar stóru hlutverki í okkar þjóðfélagi. Þrískipting valdsins er hugtak sem þekktist vel í íslensku stjórnkerfi en með því er átt við að valdinu sé dreift til framkvæmdarvaldsins, löggjafarvaldsins og dómsvaldsins. Þessir þættir gegna mismunandi hlutverki innan stjórnsýslunnar og vinna saman að því að mynda það lýðræði sem þekktist á Íslandi. Stundum er talað um að fjölmiðlar séu fjórða valdið. Vald fjölmiðlanna einkennist af því að veita stjórnkerfinu aðhald svo að almenningur sé ávallt upplýstur um gang mála. Fjölmiðlar hafa þann eiginleika að geta stýrt umræðunni í þjóðfélaginu sem gerir það enn mikilvægara að umfjöllun miðlanna sé hlutlæg, vönduð og sönn. Fréttamenn þurfa að sýna hlutlægni þegar þeir vinna að fréttáflutningi. Mikilvægt er að þeir nálgist öll viðfangsefni á hlutlægan máta með almannahagsmuni í fyrirrúmi.

Eitt af því allra mikilvægasta sem þarf að hafa að leiðarljósi í rekstri á fjölmiðli er að ná trausti lesenda og viðhalda því. Fjölmiðill sem nýtur ekki trausts er í raun búinn að vera. Það

er því mikilvægt að allt það efni sem kemur frá miðlinum sé sannreynt og gengið úr skugga um að fréttin eða greinin sé sönn.

Í samfélagi eins og þekkt hér á Íslandi þar sem hagsmunatengsl munu alltaf verða til staðar sökum þess hversu fámennt ríkið er þarf að halda einstaklega vel utan um fjölmiðlana í landinu. Eignarhald á fjölmiðlum hefur í gegnum tíðina verið fjölbreytilegt hér á landi og fjársterkir aðilar hafa oftast en ekki komið að fjölmiðlarekstri. Gagnrýni á eignarhald á fjölmiðlum hefur verið áberandi hér á landi, en svo koma oft upp þær vangaveltur hvort eignarhaldið sé gagnsætt. Til að ekki komi upp vandamál þurfa blaðamenn að gæta sjálfstæðis í sinni umfjöllun og fjalla á óháðan hátt um þá aðila sem eiga hagsmuna að gæta með greininni (McQuail, 2010).

Svo að lýðræði þrífist í samfélaginu verður að vera fagleg fjölmiðlaumfjöllun. Eins og kom fram hér að ofan þá er eitt af undirstöðuatriðum í lýðræðislegum stjórnkerfum að veita valdhöfunum aðhald. Þegar talað er um aðhald þá er átt við að fréttamenn sinni vinnu sinni af heilindum, sjálfstæði og nálgist viðfangsefni sín með hlutlægum hætti og starfi ekki með sjónarmið þrýstihópa að leiðarljósi. Ákveðnir þættir geta haft áhrif á hlutlægni fréttamanna og koma þeir fram í fimm mismunandi sjónarmiðum. Þegar blaða- og fréttamaður vinnur að frétt fer hann yfir þætti í huganum sem hafa í mörgum tilvikum áhrif á störf hans. Þetta eru ákveðnar síur (e. filters) sem móta umfjöllun fréttamanna en þær eru eftirfarandi:

- 1. Eigendur fjölmiðils sem eiga mikilla hagsmuna að gæta í fjölmiðlum.*
- 2. Auglýsendur sem kaupa þjónustu frá miðlinum.*
- 3. Áreiðanlegir heimildarmenn.*
- 4. Þrýstingur frá hagsmunahópum.*
- 5. Ríkjandi hugmyndafræði innan fjölmiðilsins.*

(Herman og Chomsky, 1988, bls. 1-35)

## Lárétt og lóðrétt eignarhald

Þegar talað er um lárétt eignarhald á fjölmiðlum er átt við það þegar eigandinn hefur mikla markaðshlutdeild í annarri grein fjölmiðlunar eða jafnvel skyldum greinum. Þetta getur haft það í för með sér að sami aðilinn eigi of mikilla hagsmuna að gæta á mörgum sviðum innan fjölmiðla í sama ríkinu og leiðir oftast en ekki til þess að umfjöllun um þá aðila sé hliðholl þeim. Lóðrétt eignarhald er þegar sami aðilinn sinnir í raun framleiðslu, útsendingu, dreifingu og fleiri þáttum þegar kemur að fjölmiðlum en það getur leitt til fábreytni á fjölmiðlamarkaðnum (Nefnd Menntamálaráðherra, 2005).

## Samþjöppun á eignarhaldi fjölmiðla

Samþjöppun hefur orðið á eignarhaldi fjölmiðla í heiminum og Íslendingar eru ekki undanskildir þeirri þróun. Stórar samsteypur hafa eignast fjölmiðla og eru í mörgum ríkjum ráðandi á viðkomandi markaði. Oftast en ekki eru slíkar samsteypur með lóðrétt eignarhald og ná með því að hafa áhrif á fjölmiðlaumfjöllun á mörgum sviðum. Þessi þróun er mikið áhyggjuefni fyrir þegna samfélagsins þar sem lýðræðið á undir högg að sækja í baráttu við fjölmiðla. Ef þessi þróun heldur áfram að aukast er veruleg hættu á því að fjölmiðlar verði andlýðræðislegir. Sú þróun hefur verið áberandi á alþjóðlegum fjölmiðlamarkaði að fjölmiðlasamsteypur eru að verða stærri og þar með valdameiri sem vinnur í raun gegn lýðræðislegri umræðu. Smærri fjölmiðlafyrirtæki eiga þá á hættu að deyja út og verða undir í baráttunni við þau stærri. Almennur gæti með tímanum öðlast minni trú á fjölmiðlum og tekið minna mark á starfsemi þeirra. Fjölmiðlar sinna það viðamiklu hlutverki fyrir lýðræðislega þróun í heiminum að það er mikilvægt að viðhalda vel reknunum miðlum á öllum vígstöðvum (Alger, 1998).

Fjölræði er mikilvægt í hinum stóra heimi fjölmiðla svo að völd fjölmiðlarisa færist ekki í hendurnar á fáum aðilum. Ef maður skoðar 10. grein í sjötta kafla mannréttindasáttmála Evrópu þá sést glögglega mikilvægi fjölræðis þegar kemur að fjölmiðlum.

## **10. gr. - Tjáningarfrelsi.**

*1. Sérhver maður á rétt til tjáningarfrelsis. Sá réttur skal einnig ná yfir frelsi til að hafa skoðanir, taka við og skila áfram upplýsingum og hugmyndum heima og erlendis án afskipta stjórnvalda. Ákvæði þessarar greinar skulu eigi hindra ríki í að gera útværps-, sjónværps- og kvikmyndafyrirtækjum að starfa aðeins samkvæmt sérstöku leyfi.*

*2. Þar sem af réttindum þessum leiðir skyldur og ábyrgð er heimilt að þau séu háð þeim formsreglum, skilyrðum, takmörkunum eða viðurlögum sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis, landvarna eða almannaeilla, til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu eða siðgæði manna, mannorði eða réttindum og til þess að koma í veg fyrir uppljóstran trúnaðarmála eða til þess að tryggja vald og óhlutdrægni dómstóla. (Alþingi, 1994)*

Prentmiðlar hafa verið til í áraraðir og gefið út margskonar dagblöð og hafa í gegnum tíðina sinnt mikilvægu hlutverki í íslensku samfélagi. Þau blöð sem hafa verið til á Íslandi gegna öll mismunandi hlutverki og miða sína umfjöllun við áskrifendur eða jafnvel markhópa. Blöðin eru ýmist fríblöð sem fá tekjur einungis af auglýsingum eða áskriftarblöð sem fá tekjur frá áskrifendum sínum í bland við auglýsingatekjur. Á tímabilinu 9. apríl til 23. apríl 2010 var mikið fjallað um rannsóknarskýrslu Alþingis í íslenskum prentmiðlum og voru þar fjögur blöð fremst í flokki. Fréttablaðið, Morgunblaðið, DV og Viðskiptablaðið voru þau blöð sem voru helst í brennidepli við útgáfu rannsóknarskýrslu Alþingis. Þessi blöð hafa öll mismunandi bakgrunn og áherslur.

### **Fréttablaðið**

Fréttablaðið hóf útgáfu árið 2001 og hefur ávallt verið fríblað sem treystir einungis á tekjur af auglýsingum. Blaðinu hefur alveg frá fyrsta degi verið dreift á mörg heimili en í dag er það útbreiddasta blað landsins og er prentað í yfir 90.000 eintökum. Fréttablaðið er borið út frítt á heimili á stórhöfuðborgarsvæðinu og einnig á Akureyri. Fréttablaðið rekur einnig vefmiðilinn visir.is en þar er hægt að skoða blaðið á rafrænan hátt nokkra mánuði aftur í tímann. Ritstjóri Fréttablaðsins er Ólafur Þ. Stephensen, en hann tók til starfa í febrúar 2010 og var áður ritstjóri Morgunblaðsins. Jón Kaldal var ritstjóri blaðsins frá árinu 2007 til 2010 (Vísir, 2010).



365 miðlar eru aðaleigandi Fréttablaðsins. Eigendum 365 miðla er skipt upp í tvö félög en annars vegar á A-hópurinn 80% af fyrirtækinu og Ingibjörg Pálmadóttir, eiginkona Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, fer með 90% hlut í þeim hópi. B-hópurinn fer með 20% hlut í 365 miðlum en óljóst er hverjir þeir aðilar eru (Vísir, 2010).

## Morgunblaðið

Morgunblaðið hefur ávallt skipað stóran sess í hjörtum landsmanna. Fyrsta tölublaðið var gefið út 2. nóvember árið 1913. Stofnandi blaðsins var Vilhjálmur Finsen en það var draumur hans að gefa út dagblað í Reykjavík. Árvakur hf. fjárfesti í blaðinu árið 1919 en þá var það orðið víðlesnasta blað landsins. Árvakur hf. er enn þann dag í dag útgefandi blaðsins. Á næstu áratugum hélt blaðið áfram að sækja í sig veðrið og lesendum þess fjölgaði.

Árið 1993 fór öll starfsemi blaðsins í stórt og mikið húsnæði í Kringlunni 1, en margir kannast við það hús sem Morgunblaðshúsið. Árið 2004 flutti blaðið sig aftur um set og festi rætur í Hádegismóum við Rauðavatn þar sem öll starfsemi er nú. Vefur Morgunblaðsins, mbl.is, hefur í raun alltaf verið vinsælasta vefsíða landsmanna og er hún heimsótt í tugi þúsunda skipta á dag.

Árið 1994 byrjaði Morgunblaðið samstarf sitt við Streng hf. og varð þar með fyrsti prentmiðilinn á Íslandi til þess að hefja starfsemi á veraldarvefnum. Upphaflega gátu áskrifendur skoðað ákveðnar fréttir og annað efni sem birtist í blaðinu en árið 1998 var opnaður fréttavefur Morgunblaðsins sem heitir í dag mbl.is. Þessi nýja síða er opin öllum og var aðskilin frá Morgunblaðinu sjálfu þó svo að valdar fréttir úr blaðinu rati stundum inn á vefinn. Á vefnum er að finna öflugt gagnasafn Morgunblaðsins en þar má sjá greinar mörg ár aftur í tímann og hægt er að skoða öll blöð frá fyrsta tölublaði blaðsins árið 1913. Ritstjórar blaðsins eru þeir Davíð Oddsson, fyrrverandi forsætisráðherra og seðlabankastjóri, og Haraldur Johannessen.

Árvakur hf. hefur verið útgefandi Morgunblaðsins síðan 1919. (Morgunblaðið, 2010)

Tvö eignarhaldsfélög eru hluthafar Árvakurs í dag en þau eru Þórsmörk ehf. og Áramót ehf. Óskar Magnússon og Guðbjörg Matthíasdóttir eru aðalhluthafar í félaginu Þórsmörk ehf. en ekki er ljóst hverjir eru eigendur Áramóta ehf. (Litla Ísland, 2010).

## DV

Árið 1910 var blað að nafni Vísir stofnað en DV á rætur sínar í því blaði. Nafnið DV er skírskotun í Dagblaðið Vísir. Einar Gunnarsson var stofnandi Vísis en til að byrja með var Morgunblaðið eini samkeppnisaðili blaðsins. Það sem einkenndi Vísi var að það var síðdegisblað og kom aðeins út í Reykjavík. Árið 1967 varð blaðið landsblað og varð fyrir miklum áhrifum frá erlendum fréttamiðlum. Útbreiðsla blaðsins tók að aukast til muna á næsta áratug og lesendum fjölgaði hratt. Í kjölfar deilna milli ritstjórans og ritstjórnar klofnaði blaðið. Til sögunnar kom blaðið Dagblaðið. Árið 1981 voru þessi blöð sameinuð og til varð DV. Jónas Kristjánsson og Ellert B. Schram voru fyrst ritstjórar saman. Stefna DV var að vera algjörlega óháð öllum stjórn málaöflum og fljótlega varð blaðið eitt allra áhrifamesta blað landsins. Eftir mikla fjárhagslega erfiðleika var blaðinu breytt í vikublað árið 2006 en það stóð aðeins yfir í eitt ár og komst DV aftur á skrið árið 2007. Árið 2008 tók fyrirtækið Birtingur við rekstri blaðsins en tveimur árum síðar var DV selt til hóps fjárfesta sem var undir forystu Reynis Traustasonar og Lilju Skaftadóttur en blaðið er í dag í eigu þessara aðila. DV rekur öflugan vefmiðil á slóðinni dv.is sem vinnur nátengt blaðinu sjálfu. Reynir Traustason er ritstjóri DV í dag ásamt syni sínum Jón Trausta Reynissyni. (DV, 2010)

## Viðskiptablaðið

Viðskiptablaðið hefur ákveðna sérstöðu fram yfir hin blöðin þrjú en það hefur ávallt sérhæft sig í málefnum sem viðkoma viðskiptum. Viðskiptablaðið var sett á laggirnar 20. apríl 1994 og kom út einu sinni í viku til að byrja með, á miðvikudögum. Árið 2004 var tekin sú ákvörðun að gefa blaðið einnig út á föstudögum en það má rekja til aukins áhuga á viðskiptalífnum hér á landi á þeim tíma. Þremur árum síðar var síðan blaðinu breytt í dagblað og var gefið út fjórum sinnum í viku frá þriðjudegi til föstudags en sú breyting varði aðeins fram í nóvember 2008 þegar því var breytt aftur í vikublað. Viðskiptablaðið hefur alltaf haft þá stefnu að leggja áherslu á viðskipti og efnahagsmál en einnig fjallar blaðið um þau þjóðmál sem eru ríkjandi á hverri stundu. Blaðið treystir á áskrifendur og lausasölu, auk þess er það samkeppnisaðili á auglýsingamarkaði. Viðskiptablaðið rekur einnig vefmiðilinn vb.is sem starfar samhliða blaðinu sjálfu. Myllusetur ehf. gefur blaðið út. Ritstjóri Viðskiptablaðsins er Björgvin Guðmundsson (Viðskiptablaðið, 2010).

Þessi fjögur blöð sem fjallað hefur verið um að ofan stóðu vaktina þegar rannsóknarskýrsla Alþingis var gefin út 13. apríl 2010 og fjölluðu með mismunandi hætti um öll bindin níu.

Blöðin leggja áherslu á misjafna hluti og málefni og því er fróðlegt að bera umfjöllun blaðanna saman. Fjölmíðlarnir fengu allir sína gagnrýni í skýrslunni og því verður fróðlegt að sjá hvernig viðbrögð þeirra voru.

## Aðferðafræðin

Áður en farið er í athugun af þessari gerð verður að vera ljóst hvert er eðli og tilgangur ferlisins. Eðli þessarar athugunar var að kanna hvernig ímynd mismunandi fyrirtæki og stjórn málaöfl fá þegar litið er á umfjöllun blaða á Íslandi, en kannað var tímabilið 9. apríl til 23. apríl 2010. Á þessum tíma kom út rannsóknarskýrsla Alþingis. Hlutverk skýrslunnar var að gera upp hvað fór úrskeiðis við einkavæðingu bankanna í byrjun 21. aldarinnar og hvernig það efnahagshrun sem skall á þjóðinni gat orðið að veruleika.

## Rannsóknaraðferð

Mikilvægt var að byrja á því að greina í sundur þá þætti sem fróðlegt væri að rannsaka og greina. Í þessu tilviki varð rannsakandinn að einblína á ákveðið tímabil og urðu tvær vikur frá 9. apríl til 23. apríl 2010 fyrir valinu. Þau blöð sem urðu fyrir valinu í rannsókninni voru Fréttablaðið, Morgunblaðið, DV og Viðskiptablaðið. Rannsóknarskýrsla Alþingis var gefin út þann 12. apríl 2010. Rannsakandinn las og greindi umfjöllun blaðanna þrjá daga fyrir birtingu skýrslunnar og síðan ellefu daga á eftir.

Lögð var áhersla á fjármálafyrirtæki, stjórn málaflokka og opinberar stjórnsýslustofnanir þegar blöðin voru rannsökuð. Nokkur fjármálafyrirtæki fóru með aðalhlutverkin í umfjöllun blaðanna eftir birtingu skýrslunnar. Þau fyrirtæki sem urðu fyrir valinu hjá rannsakandanum voru eftirfarandi: **Kaupþing banki**, **Glitnir**, **Landsbankinn**, **Baugur** og flokkur sem einblíndi á **önnur** fjármálafyrirtæki. Þeir stjórn málaflokkar sem fengu athygli rannsakandans voru **Sjálfstæðisflokkurinn**, **Samfylkingin** og **Framsóknarflokkurinn** en einnig var **Fjármálaeftirlitið** og **Seðlabankinn** til umfjöllunar. Farið var yfir öll blöð Fréttablaðsins,

Morgunblaðsins, DV og Viðskiptablaðsins sem komu út á umræddu tímabili. Skilgreint var eftir bestu getu hverskonar ímynd þessi fyrirtæki, stjórnmalaflokkar og stofnanir fengu. Aðeins voru þær greinar skoðaðar sem fjölluðu um rannsóknarskýrslu Alþingis. Það sem rannsakandinn hafði að leiðarljósi við greininguna var að skoða hverskonar ímynd malaflokkarnir fengu þegar hann hafði lokið við lestur á hverri grein fyrir sig. Hver malaflokkur gat ýmist fengið *neikvæða* ímynd, *hlutlaus* ímynd eða *jákvæða* ímynd í viðkomandi grein. Ef malaflokkurinn fékk á sig neikvæða ímynd út frá greininni þá fékk hann eitt stig þar sem við átti og síðan koll af kolli.

## Þátttakendur

Fjármálafyrirtæki hafa mikið verið til umfjöllunar alveg frá því að efnahagshrunið skall á Íslendingum 2008. Stóru bankarnir þrír *Kaupping*, *Landsbankinn* og *Glitnir* fengu mikla athygli eftir efnahagshrunið en sú umfjöllun hófst þegar Glitnir banki var þjóðnýttur þann 29. september 2008 (Rannsóknarnefnd Alþingis, 2010, bls. 27)

Eftir þá atburðarás tóku bankarnir að falla hver um annan þveran og á einni viku voru þeir allir þrír komnir í ríkiseign. Nokkrum mánuðum síðar var sú ákvörðun tekin að setja á laggirnar rannsóknarnefnd Alþingis sem rannsaka átti aðdraganda hrunsins. Öll helstu fjármálafyrirtæki landsins voru til umræðu, þess vegna velur rannsakandi þessi fyrirtæki.

**Glitnir banki** - Glitnir á rætur að rekja til ársins 1904 þegar Íslandsbanki var stofnaður. Saga Íslandsbanka hefur alltaf verið samtvinnuð atvinnu- og efnahagssögu Íslands. Árið 1990 sameinuðust Iðnaðarbankinn, Alþýðubankinn, Verslunarbankinn og Útvegsbankinn í Íslandsbanka. Tíu árum síðar, árið 2000, sameinuðust síðan Fjárfestingarbanki atvinnulífsins og Íslandsbanki undir nafninu Íslandsbanki-FBA. Bankinn byrjaði svokallaða útrás árið 2001 þegar fyrsta skrifstofa fyrirtækisins var opnuð í London. Í mars árið 2002 var nafni bankans aftur breytt í Íslandsbanka. Útrásin hélt áfram árið 2003 þegar bankinn hóf starfsemi í Lúxemborg og ári síðar festi Íslandsbanki kaup á KredittBanken og BNbank í Noregi (Glitnir,2010). Bankinn Glitnir varð síðan til árið 2006 en hann jók starfsemi sína erlendis á næstu árum þangað til efnahagslegt hrun varð á Íslandi. Glitnir var þá fyrsti bankinn á Íslandi sem var þjóðnýttur þann 29. september árið 2008 (Rannsóknarnefnd Alþingis, bls. 27).

Fall Glitnis banka virtist hafa keðjuverkandi áhrif þegar kom að fjármálahruninu og því var mikið fjallað um bankann í rannsóknarskýrslu Alþingis.

**Kaupþing banki hf.** - var stofnaður árið 1982. Til að byrja með hafði bankinn lítil umsvif en hann óx mjög hratt líkt og íslenski fjármálamarkaðurinn. Árið 1990 festi Búnaðarbanki Íslands kaup á 50% hlut í Kaupþingi hf. og átti bankinn helmingshlut á móti sparisjóðunum. Sex árum síðar festu sparisjóðirnir kaup á hlut Búnaðarbanka Íslands og var Kaupþing banki þá orðinn eign sparisjóðanna í landinu. Árið 2000 var Kaupþing banki skráður á Verðbréfaþing Íslands og á sama tíma drógu sparisjóðirnir sig hægt og rólega út úr fyrirtækinu. Fjársterkir aðilar fóru að festa kaup á hlutabréfum í bankanum. Árið 2004 var nafni bankans breytt úr Kaupþingi Búnaðarbanka í KB-banka. Þremur árum síðar fékk bankinn svo nafnið Kaupþing banki. Kaupþing banki var myndaður úr tveimur sterkum bönkum og var á sínum tíma einn af stærstu bönkum á Norðurlöndum. Bankinn hafði mikil umsvif í Evrópu og víðar og hafði útibú í sjö löndum þegar mest var (Arion banki, 2010).

Þann 9. október 2008 kom tilkynning frá Fjármálaeftirlitinu um að Kaupþing banki hf. hefði verið þjóðnýttur á grundvelli neyðarlaganna sem sett voru á Alþingi í október sama ár. Það var því orðið að staðreynd að þriðji bankinn hafði verið þjóðnýttur. Á þessum tíma var Kaupþing stærsti banki landsins og ríkið bar ábyrgð á starfsemi bankans. Mikil umfjöllun fór í gang næstu mánuði um starfsemi Kaupþings banka og margar ásakanir litu dagsins ljós. Það var því ekki hægt að ganga framhjá Kaupþingi banka í þessari rannsókn (Rannsóknarnefnd Alþingis, 2010).

**Landsbankinn** – var stofnaður 1. júlí 1886 og var til að byrja með lítill banki með litla lausafjárstöðu. Á 3. áratug 20 aldarinnar varð Landsbankinn þjóðarbankinn og var fljótlega stærsti banki landsins. Bankinn var með svokallaða seðlaútgáfu fyrir þjóðina mikinn hluta af 20. öldinni en sú starfsemi var flutt yfir til Seðlabankans árið 1961. Á næstu áratugum stækkaði bankinn mikið sem viðskiptabanki og var gerður að hlutafélagi 1997. Sama ár byrjaði ferlið um einkavæðingu bankans og Landsbanki Íslands hf. varð að veruleika. Bankinn var einkavæddur í nokkrum skrefum en árið 2003 komst hann alveg í einkaeign. Í árslok var síðan 45,8% hlutur seldur til Samsonar ehf. en Björgólfur Guðmundsson fór fyrir þeim hópi ásamt syni sínum. Á árunum 2003-2008 urðu umsvif bankans mun meiri en hann réð við. Þann 7. október 2008 tók Fjármálaeftirlitið yfir rekstur bankans og hann var því þjóðnýttur. Fjölmíðlaumfjöllun um bankann hefur verið gríðarleg og sérstaklega eftir að upp komst að íslenska ríkið bæri ábyrgð á svokölluðum Icesave-reikningum. Björgólfur

Guðmundsson og sonur hans Björgólfur Thor Björgólfsson hafa í seinni tíð verið áberandi sem eigendur bankans þó svo að eigendurnir séu fleiri. Eitt allra stærsta mál Íslandssögunnar er sennilega Icesave-málið en líklega hefur ekkert mál fengið jafn mikla umfjöllun í sögu fjölmiðla á Íslandi. Mikil mótmæli spruttu upp vegna Icesave og Landsbankinn fékk mjög svo neikvæða umfjöllun í kjölfarið. Rannsakandinn varð því að einblína á Landsbankann í greiningu sinni á dagblöðum Íslendinga. (Landsbankinn, 2010)

**Baugur Group hf.** – Sögu Baugs Group má rekja til verslunarkeðjunnar Bónuss, en fyrsta Bónusverslunin var stofnuð árið 1989 af feðgunum Jóhannesi Jónssyni og Jóni Ásgeiri Jóhannessyni. Fyrirtækið óx af miklum hraða en fimm árum síðar byrjaði útrás Bónusfeðganna þegar þeir opnuðu verslanir í Færeyjum. Baegur tók síðar við rekstri Haugkaupa, 10-11 og Útilífs svo eitthvað sé nefnt.

Nafnið Baegur Group kom til sögunnar þegar ný öld hafði gengið í garð en þá hafði fyrirtækið fært út kvíarnar til Bretlands og fest kaup á leikfangaverslanakeðjunni Hamleys og stórum hlut í tískufatakeðjunni Oasis.

Árið 2003 fór Baegur að herja á fjölmiðlamarkaðinn og fjárfesti í 30% hlut í fjölmiðlasamsteypunni Norðurljós sem síðar varð 365 miðlar. Við þessa fjárfestingu kom upp mikil umræða um eignarhald á fjölmiðlum sem endaði með því að fjölmiðlafrumvarp var lagt fram á Alþingi.

Á næstu árum hélt Baegur Group áfram mikilli sókn og óx með ógnarhraða. Um mitt árið 2008 hafði Baegur 75.000 manns í vinnu í um 3900 verslunum. Forstjóri Baugs Group var Gunnar Sigurðsson og stjórnarformaður var Jón Ásgeir Jóhannesson (Baegur Group, 2010). Þegar fjármálahrúnið skall á þjóðinni árið 2008 varð það ljóst að Baegur Group hafði fengið gríðarlegar fjárhæðir lánaðar frá bönkunum. Það kemur til að mynda fram í rannsóknarskýrslu Alþingis að Baegur Group og tengd fyrirtæki hafi verið stærsti lántakandi Glitnis banka. Við fall bankanna voru skuldir Baugs og tengdra félaga um 250 milljarðar eða sem jafngilti 70% af eiginfjárgrunni Glitnis banka (Rannsóknarnefnd Alþingis, 1. bindi, bls. 32, 2010).

Baugur Group var eitt allra stærsta fyrirtæki landsins fyrir fjármálahrúnið 2008 en í kjölfar hremminganna þurfti félagið að fara fram á að vera tekið til gjaldþrotaskipta. Héraðsdómur synjaði þann 11. mars 2009 beiðni Baugs um framlengingu greiðslustöðvunar og því varð gjaldþrot óumflýjanlegt (Vísir, 2009).

Ástæðan fyrir því að rannsakandinn tók fyrir Baug Group var mikil umsvif fyrirtækisins á íslenskum fjármálamarkaði og sterk tengsl við fjölmiðlana.

**Aðrir** – Í rannsóknarskýrslu Alþingis kom í ljós að mörg fjármálafyrirtæki komu að efnahagshruninu árið 2008. Fjölmiðlarnir fjölluðu með mismunandi hætti um mörg þeirra og því flokkaði rannsakandinn smærri fyrirtæki í einn flokk og greindi umfjöllun þeirra. Þau félög sem fengu ákveðinn hljómgrunn hjá dagblöðum landsins voru: **Novator** – Fjárfestingarfélag í eigu Björgólfs Thor Björgólfsson. **FL Group** - Fjárfestingarfélag. **Eimskipafélag Íslands** - Elsta skipafyrirtæki á Íslandi. Fyrirtækið rekur skrifstofur í 15 löndum og hefur umboðsskrifstofur í fjölmörgum löndum. **Fons** - Alþjóðlegt fjárfestingarfyrirtæki. **Milestone** - Fjárfestingarfélag sem var í eigu Karls Wernerssonar, Ingunnar Wernersdóttur og Steingríms Wernerssonar. **SPRON** - Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis.

**Stjórnsýslan** - Íslenskir stjórn málaflokkar hafa fengið umboð almennings til að fara með valdið á Íslandi og bera þar með ábyrgð á stjórnkerfinu. Þegar vel gengur er tilhneigingin sú að stjórn málaflokkar eignir sér árangurinn og fá oft en ekki fyrir það mikið hrós. Þegar aftur á móti illa gengur fá ráðamenn að sama skapi mikla gagnrýni. Stjórn málaflokkarnir sem fóru með valdið á því tímabili sem rannsóknarnefnd Alþingis fjallaði um fengu mikla gagnrýni í skýrslunni. Fjölmiðlar hafa í gegnum tíðina oft verið gagnrýndir fyrir að fjalla með mismunandi hætti um flokkana. Fréttablöð hafa oft verið sökuð um að vera of tengd stjórn málaöflunum og því var ekki úr vegi að kynna sér fjölmiðlaumfjöllun blaðanna. Rannsakandinn kynnti sér þá umfjöllun sem *Sjálfstæðisflokkurinn*, *Samfylkingin* og *Framsóknarflokkurinn* fengu í dagblöðum landsins við útgáfu rannsóknarskýrslu Alþingis.

**Sjálfstæðisflokkurinn** – Íhaldsflokkurinn og Frjálslyndi flokkurinn runnu saman í einn flokk árið 1929 og fékk sá flokkur nafnið Sjálfstæðisflokkurinn. Leggja átti áherslu á tvö meginatriði í stefnumótun flokksins. Vinna átti hörðum höndum að því að landið yrði frjálst en ekki í höndum Dana. Einnig ætlaði flokkurinn „að vinna í innanlandsmálum að vísýnni og þjóðlegri umbótastefnu á grundvelli einstaklingsfrelsis og atvinnufrelsis með hagsmuni allra stétta fyrir augum“ (Sjálfstæðisflokkurinn, 2010).

Ef litið er á hugmyndafræði flokksins þá sést hún helst í þremur grundvallaratriðum:

**Áhersla á þjóðernishyggju** – Sjálfstæðisflokkurinn er heildarhyggjuflokkur sem lítur á allt samfélagið sem eina lífræna heild. Flokkurinn leggur mikla áherslu á það sem sameinar Íslendinga svo að þjóðfélagið vinni saman sem heild.

**Stéttarsamvinna** - „Stétt með stétt“ var kjörorð flokksins á sínum tíma. Flokkurinn hefur alltaf lagt áherslu á að það sem sameinar stéttirnar sé mikilvægara en það sem greinir þær í sundur.

**Einstaklingshyggja** – Það sem hefur verið sterk áhersla flokksins er einstaklingsfrelsið. Eftir því sem umsvif ríkisvaldsins aukast, þeim mun meira minnkar frelsi einstaklingsins (Gunnar Helgi Kristinsson, 2007).

Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið í ríkisstjórn oftast allra flokka og var flokkurinn allan tímamann í ríkisstjórn á þeim tíma sem rannsóknarnefnd Alþingis fjallaði um í skýrslunni. Sjálfstæðisflokkurinn fékk á sig gríðarlega gagnrýni þegar efnahagshrunið skall á í lok september 2008. Fjölmiðlar landsins hafa fjallað mikið um frammistöðu flokksins í valdatíð hans og ábyrgðina á efnahagshamförunum 2008. Þessi stærsti flokkur landsins er því mikilvægur fyrir athugun af þessari gerð.

**Samfylkingin** – Flokkur sem gjarnan telur sig vera verndara jafnaðar og réttlætis.

Samfylkingin var stofnuð í maí 2000 en upphaflega var flokkurinn kosningabandalag þriggja flokka í alþingiskosningunum 1999. Sú samstaða sem myndaðist í kringum kosningarnar árið 1999 hafði þau áhrif að harðir keppinautar gerðust samstarfsaðilar. Samfylkingin er mynduð úr Kvinnalistanum, Alþýðubandalaginu og Alþýðuflokknum. Í dag er flokkurinn fjöldahreyfing sem hefur á annan tug þúsunda skráðra flokksmanna. Flokkurinn skilgreinir sig sem jafnaðar- og félagshyggjuflokk með áherslu á jafnrétti kynjanna. Samfylkingin komst í ríkisstjórn árið 2007 með Sjálfstæðisflokknum. Efnahagshrunið 2008 átti sér því stað á valdatíma flokksins og því fékk hann mikla gagnrýni á sig. Í dag er Samfylkingin í samstarfi með Vinstri grænum í ríkisstjórn. Jóhanna Sigurðardóttir, formaður Samfylkingarinnar, er forsætisráðherra þjóðarinnar (Samfylkingin, 2010).

**Framsóknarflokkurinn** - var stofnaður af 8 þingmönnum árið 1916. Til að byrja með var flokkurinn einungis þingflokkur en árið 1930 var honum breytt í fjöldahreyfingu með flokksfélög og flokksmeðlimi. Flokkurinn á rætur að rekja til tveggja hreyfinga, annars vegar samvinnuhreyfingarinnar og hins vegar ungmennafélaganna í landinu. Stefna flokksins hefur ávallt verið sú að hann sé frjálslyndur. Þegar kemur að því að fást við vandamál þá hafa framsóknarmenn alltaf viljað styðjast við þekkingu og vísindi á grundvelli þjóðfélagslegra gilda. Flokkurinn skilgreinir sig samt sem áður hvorki til hægri né til vinstri heldur beint áfram eins og flokksmenn tala oft um. Þrír þættir urðu þess valdandi að Framsóknarflokkurinn var stofnaður á sínum tíma. Á sama tíma var mikil upplausn í öðrum



flokkum, kosningaréttur hafði verið rýmkaður þegar konur fengu kosningarétt árið 1915 og fyrri heimsstyrjöldin var mikill áhrifavaldur á pólitískt samfélag í landinu.

Til að byrja með hafði Framsóknarflokkurinn í raun enga ákveðna hugmyndfræði, t.d. var fyrsta stefnuskrá flokksins skrifuð árið 1987. Þegar flokkurinn var stofnaður voru ritaðir niður á eitt blað nokkrir þættir sem framsóknarmenn ætluðu sér að fara eftir eða eins konar stefnuskrá. Þar kom meðal annars fram að flokkurinn ætlaði sér að taka þátt í sjálfstæðismálum okkar Íslendinga.

Flokksmenn vildu leggja mikla áherslu á landsbyggðina og huga að samvinnufélagsskap og ræktun í sveitum. Markmiðið var að stuðla að uppbyggingu sveitanna, byggja upp landsbyggðina. Framsóknarflokkurinn er gamall og rótgróinn flokkur sem hefur oft verið við völd í ríkisstjórn. Flokkurinn var í ríkisstjórnarsamstarfi með Sjálfstæðisflokknum frá árinu 1995 til 2007 eða í 12 ár. Á þessu tímabili óx og breyttist viðskiptamenning okkar Íslendinga mikið og sprakk í raun á endanum. Framsóknarflokkurinn var við völd á þeim tíma þar sem allt eftirlit og aðhald gagnvart fjármálafyrirtækjum var ekki nægilega skilvirkt og því ber flokkurinn mikla ábyrgð á þeim hremmingum sem riðu yfir þjóðina árið 2008. Árið 2009 var Sigmundur Davíð Gunnlaugsson kjörinn formaður flokksins og boðaði hann endurnýjun á stefnu og starfsemi flokksins. Umfjöllun um Framsóknarflokkinn hefur verið mikil frá efnahagshruninu og því velur rannsakandinn Framsókn til greiningar.

(Framsóknarflokkurinn, 2010)

**Seðlabankinn** – var stofnaður árið 1961 en eins og kom fram hér að ofan þá sinnti Landsbanki Íslands hlutverki seðlabanka frá árinu 1927. Seðlabankinn hefur verið starfandi í um 40 ár og margar breytingar hafa átt sér stað í umhverfi bankans. Markmið Seðlabankans er að stuðla að stöðugu verðlagi í landinu. Seðlabankinn á einnig að viðhalda sterkum gjaldeyrissjóði og stuðla að öruggu fjármálakerfi í landinu. Bankinn er eini bankinn á landinu sem hefur þann rétt að prenta seðla eða íslenska gjaldmiðilinn (Seðlabanki Íslands, 2010).

Einn af okkar þekktustu stjórnáráðgjöfverum, Davíð Oddsson, var seðlabankastjóri á sama tíma og efnahagshrunið skall á í september 2008. Davíð hefur ávallt verið gríðarlega umdeildur maður í íslensku samfélagi og sjaldan verið lognmolla í kringum hann.

Seðlabankinn fékk á sig mikla gagnrýni við efnahagshrunið og þá sérstaklega Davíð Oddsson. Þann 29. september árið 2008 tilkynnti Davíð á blaðamannafundi að ríkið myndi þjóðnýta Glitni banka. Eftir þetta fór boltinn að rúlla og hver bankinn féll á fætur öðrum. Margir vildu meina að þjóðnýting Glitnis hefði verið röng ákvörðun og því fékk Davíð Oddsson og hinir seðlabankastjórnarnir á sig mikla gagnrýni. Davíð Oddsson var áður borgarstjóri, forsætisráðherra, utanríkisráðherra, seðlabankastjóri og í dag er hann ritstjóri Morgunblaðsins. Það var því mjög eðlilegt að rannsakandinn skyldi velja sér Seðlabanka Íslands sem viðfangsefni (Rannsóknarnefnd Alþingis, 2010, bls. 156).

**Fjármálaeftirlitið** – hefur ákveðið eftirlitshlutverk gagnvart fjármálafyrirtækjum á Íslandi. Stefna FME eða Fjármálaeftirlitsins er að halda utan um öflugan fjármálamarkað í landinu. „FME vill hafa jákvæð áhrif á þróun markaðarins og stuðla að traustri fjármálastarfsemi. Til þess þarf skýra stefnu, skilvirka innri ferla, hæft starfsfólk og fyrirmyndar upplýsingakerfi.” (Fjármálaeftirlitið, 2010)

Fjármálaeftirlitið á að stuðla að traustri fjármálastarfsemi, vinna af mikilli fagmennsku og njóta virðingar og trausts almennings. Eftir efnahagshrunið 2008 töldu margir að FME hefði ekki sinnt sínum skyldum eins vel og auðið er. Jónas Fr. Jónsson, fyrrverandi forstjóri FME, á að hafa sýnt af sér vanrækslu að mati rannsóknarnefndar Alþingis. Jónas var mikið gagnrýndur í fjölmiðlum eftir hrun, en eftirlitið með stórum fjármálafyrirtækjum var of lítið og óskilvirkt. (Rannsóknarnefnd Alþingis, 2010, bls. 46)

## Áreiti

Efniviður rannsóknarinnar var íslensk dagblöð sem voru ýmist morgunblöð eða síðdegisblöð. Rannsakandinn las allar þær greinar sem fjölluðu um rannsóknarskýrslu Alþingis og skilgreindi eftir bestu getu hverskonar ímynd mismunandi stofnanir, stjórnmalaflokkar og fyrirtæki fengu eftir umfjöllun blaðanna. Blöðin voru fjögur en þar koma við sögu Morgunblaðið, Fréttablaðið, DV og Viðskiptablaðið. Tímabilið sem um ræðir var 9. apríl til 23. apríl 2010. Morgunblaðið kom út þrettán sinnum á þessu tímabili og alls voru 52 greinar í blaðinu sem fjölluðu beint um rannsóknarskýrslu Alþingis. Fréttablaðið kom út fjórtán sinnum á þessum tveimur vikum og alls voru 88 greinar sem fjölluðu um skýrsluna. DV kom út sjö sinnum á umræddum tíma og umfjöllun um rannsóknarskýrsluna Alþingis kom fram í 56 greinum. Viðskiptablaðið kom út tvisvar á þessum tveimur vikum en blaðið er aðeins

gefið út einu sinni í viku. Alls voru 17 greinar sem sneru að rannsóknarskýrslu Alþingis en heildarfjöldi greina sem tengjast efninu hjá blöðunum fjórum var 213.

## Mælitæki

Rannsakandinn taldi hversu oft viðfangsefnið fékk ýmist slæma, góða eða hlutlausa umfjöllun blaðanna. Skráðar voru niðurstöður á blað og útfært í tölfraeðirit í Excel.

Sjá má eyðublaðið sem stuðst var við hér að neðan:

### Nafn blaðs 9.-23. apríl 2010

### Heildarfjöldi greina:

#### *Fjármálafyrirtækin*

##### **Kaupþing**

Neikvæð ímynd-

Jákvæð ímynd-

Hlutlaus ímynd-

##### **Glitnir**

Neikvæð ímynd-

Jákvæð ímynd-

Hlutlaus ímynd-

##### **Landsbankinn**

Neikvæð ímynd-

Jákvæð ímynd-

Hlutlaus ímynd-

##### **Baugur**

Neikvæð ímynd-

Jákvæð ímynd-

Hlutlaus ímynd-

##### **Aðrir**

Neikvæð ímynd-

Jákvæð ímynd-

Hlutlaus ímynd-

(Novator, FL. Group, Eimskipafélag Íslands, Fons, Milestone, SPRON.)

#### *Stjórnslan*

##### **Sjálfstæðisflokkurinn**

Neikvæð ímynd-

Jákvæð ímynd-

Hlutlaus ímynd-

##### **Samfylkingin**

Neikvæð ímynd-

Jákvæð ímynd-

Hlutlaus ímynd-

##### **Framsóknarflokkurinn**

Neikvæð ímynd-

Jákvæð ímynd-

Hlutlaus ímynd-

##### **Seðlabankinn**

Neikvæð ímynd-

Jákvæð ímynd-

Hlutlaus ímynd-

##### **Fjármálaeftirlitið**

Neikvæð ímynd-

Jákvæð ímynd-

Hlutlaus ímynd-

## Niðurstöður

Íslenskir fjölmiðlar fjölluðu með mismunandi hætti um efnahagslega þróun á Íslandi. Markmið rannsóknarskýrslu Alþingis var að greina aðdraganda efnahagshrunsins og hvað hefði farið úrskeiðis í aðdragandanum. Í 8. bindi skýrslunnar eru fjölmiðlarnir gagnrýndir töluvert og þeirra aðkoma skilgreind. Aðhaldshlutverk íslenskra fjölmiðla á að hafa brugðist í aðdraganda hrunsins. Vönduð umfjöllun er algjör forsenda svo að almenningur fái rétta ímynd af þjóðfélaginu. Fræðimenn gegna mikilvægu hlutverki þegar kemur að umfjöllun fjölmiðla, en þeirra framlag er nauðsynlegt fyrir samfélagið að færa sér í nyt. Á þeim tíma þar sem tækniframfarir aukast með hverjum degi og fjármálakerfið tekur ávallt miklum breytingum á sama tíma þá er það í höndum fjölmiðla að upplýsa borgarana um þjóðfélagsleg málefni. Hlutverk fræðimanna innan fjölmiðlanna er að útskýra flókin og erfið málefni og setja þau fram á skiljanlegan máta. Fram kemur í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis að fjölmiðlarnir hafi vanrækt hlutverk sérfræðinga og þeirra sjónarmið hafi ekki fengið nægilega mikinn hljómgrunn. Hlutverk fjölmiðla er að veita valdhöfum aðhald, upplýsa borgarana um þjóðfélagsleg málefni og skapa umræðu í samfélaginu. Umræðuhlutverk fjölmiðla er gríðarlega mikilvægt fyrir samfélagið og er í raun lykilatriði svo að lýðræðislegt stjórnarfar geti þrífist (Rannsóknarnefnd Alþingis, 2010, bls. 195-196).

Umfjöllunarefni rannsóknarnefndarinnar í 8. bindinu er siðferðilegur þáttur fjölmiðlanna í aðdraganda hrunsins. Hlutverk fjölmiðla virtist tynast í góðæri og ákveðin sjálfsblekking fékk að njóta sín í þjóðfélaginu. Í aðdraganda efnahagshrunsins stóðu fjölmiðlarnir sig að því að missa sjónar á því hvert væri þeirra hlutverk. Fagleg vinnubrögð þurftu að víkja fyrir ímyndarvinnu stórfyrirtækja í landinu. Þekkt dæmi um slík vinnubrögð eru tilgreind í 8. bindi skýrslunnar. Árið 2006 komu greiningarskýrslur frá þekktum erlendum fyrirtækjum um að íslenska bankakerfið stæði ekki vel. Fjölmiðlarnir virtust ekki taka nægilega mikið mark á þessum skýrslum. Sjónarmið miðlanna var oftast en ekki að einhverju væri ábótavant við gerð þessara skýrslna og sú dökka umfjöllun sem fjármálafyrirtækin fengu í umræddum skýrslum var dregin í efa. Dr. Hulda Þórisdóttir greinir frá því í 8. bindi rannsóknarskýrslu Alþingis að í febrúar 2006 þegar skýrsla matsfyrirtækis kom út hafi umfjöllunin mikið verið á þá leið að skýrslan væri illa unnin. „Þegar fjölmiðlaumfjöllun um hana er skoðuð kemur í ljós að það skipti ekki máli hvort borið var niður í hópi bankamanna, þingmanna stjórnarflokkanna,

*fulltrúa stjórnarsýslunnar eða fræðimanna, enginn skortur var á fólki sem var tilbúið til að vefengja skýrsluna í heild eða að hluta“ (Rannsóknarnefnd Alþingis, 2010, bls. 276).*

Morgunblaðið virðist hafa áttað sig betur á alvarleika málsins og fjallað faglega um þessa alvarlegu sleggjúðoma sem þessar skýrslur gáfu bankakerfinu hér í landi. Blaðið tók málið föstum tókum og gagnrýndi mjög fjármálafyrirtæki eftir að niðurstaða skýrslanna kom í ljós. Gagnrýni Morgunblaðsins var það alvarleg að einn stóru bankanna á að hafa dregið auglýsingar sínar til baka úr blaðinu um tíma.

Dr. Hulda Þórisdóttir telur að tvær ástæður séu að baki því hvers vegna Íslendingar brugðust svona illa við þessari gagnrýni. Til að byrja með gáfu skýrslurnar það sterklega til kynna að efnahagskerfið í landinu væri ófullnægjandi. Fjármálafyrirtækin áttu mikilla hagsmuna að gæta og það eina í stöðunni fyrir þau var að mótmæla niðurstöðum þessara skýrslna. Sálfræðilegur þáttur gæti einnig hafa leikið stórt hlutverk í viðbrögðum okkar. Fólk gæti hafa blindast af markmiðadrifinni hugsun og misst sjónar á alvarleika málsins. Líklegt er að umfjöllun fjölmiðlanna hafi litast mikið af þessum þáttum og í raun í öllum aðdraganda efnahagshrunsins (Rannsóknarnefnd Alþingis, 2010, bls. 275-277).

Ef litið er á heildarmyndina þá virðast fjölmiðlarnir ekki hafa komið auga á hættumerkin eða jafnvel ómeðvitað staðið vörð um fjármálafyrirtækin í landinu.

Margir fjölmiðlar voru í eigu fárra aðila og jafnvel voru ákveðin eignatengsl milli fjármálafyrirtækja og fjölmiðla. Sjaldan hefur náðst að sýna fram á að blaða- og fréttamenn verði fyrir beinum áhrifum frá eigendum sínum, þó er það nánast óumflýjanlegt fyrir blaðamann að verða fyrir einhverskonar áhrifum. Þegar fjölmiðlar taka þá ákvörðun að fjalla ýmist ekki um ákveðin mál eða jafnvel lítið þá er oftast en ekki hægt að rekja slík tilfelli til eignarhaldstengsla. Fjölmiðlar sem fjórða valdið geta stjórnað samfélagsumræðunni með því að fjalla um þau mál sem þeir telja að séu mikilvæg. Á sama tíma stýra þeir einnig umræðunni með því að fjalla ekki um ákveðin mál svo að þau fái jafnvel lítinn hljómgrunn í samfélaginu. Eftir slæma niðurstöðu úr skýrslum erlendra matsfyrirtækja á fjármálafyrirtækjum landsins kom það á daginn að sumir fjölmiðlar kæfðu í raun þá umræðu og stýrðu henni. Fjármálafyrirtæki höfðu mörg hver mikil ítök á sviði fjölmiðlanna. Það mun hafa orðið óljóst hvað væru í raun annars vegar fréttir og hins vegar auglýsingar.

Fjölmiðlarnir voru margir hverjir duglegir við það að lofsama fjármálafyrirtækin og útrásina. Í 8. bindi rannsóknarskýrslu Alþingis er fjallað um að ákveðnir fréttamenn og þá sérstaklega viðskiptafréttamenn hafi átt í óeðlilegu sambandi við fyrirtæki í landinu. Með slíkri þróun getur orðið erfitt að viðhalda faglegri og sjálfstæðri umfjöllun fjölmiðlanna. Stórfyrirtæki í

landinu áttu mikilla hagsmuna að gæta og því reyndu þau eftir bestu getu að stýra umræðunni sjálf. „Fjölmiðlar eru háðir því að eiga greiðan aðgang að upplýsingum og hafa traust tengslanet í samfélaginu. Þetta brást í aðdraganda bankahrunsins. Upplýsingafulltrúar í fullu starfi hjá fjármálafyrirtækjum gerðu sitt til að skekkja myndina og embættismenn í stjórnkerfinu og margir sérfræðingar í háskólum voru ófúsir til að tjá sig. Þetta gerði fjölmiðlum erfitt um vik bæði við að afla upplýsinga og að greina þær” (Rannsóknarnefnd Alþingis, 2010, bls. 211).

Eftir mikla gagnrýni nefndarinnar gagnvart íslenskum fjölmiðlum þá er einnig fjallað ítarlega um það hvernig fjölmiðlarnir geti lært af þessari reynslu. Höfundar 8. bindis skýrslunnar tala um að bæta verði fjárhagslega umgjörð fjölmiðlanna og styrkja í leiðinni sjálfstæði og hlutlægni í umfjöllun þeirra um ýmis málefni. Mikilvægt er að tryggja að eignarhald á fjölmiðlum sé í hófi og að svokallað lóðrétt eignarhald þekkist varla. Ákveðnar reglur þurfa að vera svo að enginn einn aðili geti eignast meirihluta fjölmiðlanna. Það verður einnig að vera ljóst hverjir séu eigendur miðlanna svo að lesandinn geti áttað sig á því hvort miðillinn er faglegur eður ei. Starfsöryggi blaða- og fréttamanna er viðkvæmt mál, en til þess að blaðamaður vinni sjálfstætt verður að vera ákveðið starfsöryggi. Vandamál blaða- og fréttamanna hefur í gegnum tíðina verið ótti um eigið starf og því getur umfjöllun þeirra skekkst vegna eignarhaldstengsla. Þetta mun vera eitt af frumskilyrðum þess að geta eftirritstjórnarlegt sjálfstæði fjölmiðlanna. Fjölmiðlar eiga að hafa ákveðið eftirlit með samfélaginu og starfsháttum þess en hver hefur eftirlit með fjölmiðlunum? Það þyrfti að setja á laggirnar ákveðið eftirlit með fjölmiðlunum til að ganga úr skugga um að þeir sinni sínu hlutverki frá faglegu sjónarmiði og verndi í leiðinni almenning (Rannsóknarnefnd Alþingis, 2010, bls. 210-211).

Eftir að rannsóknarskýrsla Alþingis kom út var sú ákvörðun tekin innan Blaðamannafélags Íslands að ákveðin nefnd yrði skipuð til þess eins að fara yfir skýrsluna og leggja mat á þá þætti sem betur mættu fara þegar kemur að blaða- og fréttamennsku. Eftir svona viðamikinn atburð eins og efnahagshrunið í september 2008 þarf að skoða mörg atriði og þar eru fjölmiðlarnir ekki undanskildir. Í nefndinni voru þau Arna Schram, Björn Vignir Sigurpálsson og Jóhann Hauksson (Blaðamannafélag Íslands, 2010).

Rannsóknarskýrsla Alþingis kom út 12. apríl 2010 og strax í kjölfarið fóru fjölmiðlarnir að keppast við það að lesa skýrsluna og fjalla um niðurstöðuna. Dagblöðin fjölluðu um fátt

annað fyrstu dagana eftir útgáfu skýrslunnar en þau voru með mismunandi áherslur í umfjöllun sinni og nálguðust niðurstöðu skýrslunnar með misjöfnum hætti.

## Morgunblaðið

Á tímabilinu 9. apríl til 23. apríl voru alls ritaðar 52 greinar sem fjölluðu á einhvern hátt um niðurstöðu rannsóknarnefndar Alþingis. Í skýrslunni er reynt að koma auga á hver hafi verið ástæðan fyrir eins alvarlegu hruni og raun bar vitni. Þann 13. apríl, daginn eftir útgáfu rannsóknarskýrslu Alþingis, stendur á forsíðu Morgunblaðsins: „Ábyrgðin bankanna“. Forsíðan gaf sterklega til kynna hvaða stefnu Morgunblaðið ætlaði sér að taka í umfjölluninni. Blaðamenn Morgunblaðsins fjalla mikið um ábyrgðarleysi og yfirgang fjármálafyrirtækjanna í landinu og fá þau ekki góða einkunn hjá blaðinu. Kaupþing banki fær til að mynda neikvæða ímynd í 38,5% greinanna en þá er aðeins reiknað með þeim greinum sem fjalla um rannsóknarskýrslu Alþingis. Umfjöllun blaðsins gagnvart Glitni banka er einnig gríðarlega neikvæð en í 34,6% greinanna er talað á neikvæðan hátt um bankann. Bankarnir þrír fá í raun allir mikla útreið hjá blaðinu en í 30,8% greina fær Landsbankinn slæma umfjöllun og ímynd bankans versnar með hverju tölublaði. Þann 20. apríl er grein í Morgunblaðinu eftir Björgólf Thor Björgólfsson þar sem hann skrifar um það hvernig hann ætli sér að endurgreiða allar sínar skuldir og gera upp við þjóðina. Þessi grein varpar töluvert jákvæðari ímynd á Landsbankann, en bankinn hafði verið gríðarlega mikið milli tannanna á fjölmiðlum alveg frá efnahagshruninu vegna svokallaðs Icesave-máls. Eitt fyrirtæki sem fékk á sig talsvert slæma ímynd eftir umfjöllun Morgunblaðsins er Baugur Group, en í 23% greina var talað neikvætt um aðkomu Baugs að efnahagshruninu. Baugur er ekki banki líkt og hin fyrirtækin þrjú og sker sig þ.a.l. frá þeim. Það má hins vegar nefna að Baugur Group fékk oftast en ekki slæma umfjöllun fyrir eignarhaldstengsl við önnur fyrirtæki og þar með talið bankana. Það getur því vel verið að þegar talað er um Glitni banka þá fái Baugur einnig slæma ímynd þar sem Jón Ásgeir Jóhannesson, einn af stofnendum Baugs, var einnig einn af aðaleigendum bankans og því um sterk eignarhaldstengsl að ræða. Þann 19. apríl 2010 er virkilega stór grein á bls. 14 um þann skuldavanda sem Baugur Group hafði komið sér í. Morgunblaðið greinir frá því að Baugur hafi verið stærsti skuldarinn eftir efnahagshrunið 2008. Fjármálaeftirlitið fær vænan skell frá Morgunblaðinu og að mati blaðsins ber sú stofnun mikla ábyrgð á efnahagshruninu 2008. Jónas Fr. Jónsson, fyrrverandi forstjóri FME, fær ekki góða umfjöllun og vandar blaðið ekki kveðjurnar til hans. Morgunblaðið 14. apríl 2008 er nánast undirlagt af gagnrýni á FME. Fjármálaeftirlitið á að hafa sýnt af sér vanrækslu

við eftirlitsskyldu sína og tekur blaðið heilshugar undir þá greiningu. Í 19,2% af greinunum 52 er fjallað á neikvæðan hátt um Fjármálaeftirlitið.

Agnes Bragadóttir, blaðamaður Morgunblaðsins, leggur mikla áherslu á slæm vinnubrögð endurskoðendafyrirtækja í blaðaskrifum sínum eftir útkomu rannsóknarskýrslu Alþingis. Fyrirtækin eiga að hafa gefið það í skyn að bankarnir stæðu mun betur en þeir gerðu í raun og veru. Þetta gerði bönkunum auðveldara að fá aukið lánsfé og stækka enn meira.


Seðlabanki Íslands var mikið til umfjöllunar í rannsóknarskýrslu Alþingis.

Seðlabankastjórnarnir fengu allir ákveðna gagnrýni í skýrslunni og þá aðallega Davíð Oddsson. Morgunblaðið veitir Seðlabankanum ekki eins mikla athygli og Fjármálaeftirlitinu. Fjallað er á neikvæðan hátt um Seðlabankann í 5,7% greinanna eða í þremur greinum.


Seðlabankinn fær jákvæða umfjöllun í einni grein og einnig hlutlausa umfjöllun í einni grein. Þess má geta að ritstjóri Morgunblaðsins þegar skýrslan kom út var Davíð Oddsson, fyrrverandi seðlabankastjóri, en hann var ráðinn til starfa 29. september árið 2009.

Ef lítið er á umfjöllun Morgunblaðsins um stjórnmalaflokkana í landinu þá kemur Samfylkingin verst út. Samfylkingin fær á sig neikvæða ímynd í 27% greina blaðsins og hlutlaust er fjallað um flokkinn í 5,7% tilvika. Næst á eftir Samfylkingunni er Sjálfstæðisflokkurinn sem fær neikvæða umfjöllun í 23,1% greina og hlutlausa umfjöllun í 11,5%. Þessi niðurstaða kann að koma á óvart en Sjálfstæðisflokkurinn var leiðandi afl í stjórnmalum í mörg ár og fær í raun mikla útreið í rannsóknarskýrslu Alþingis. Annar flokkur sem kemur við sögu í umfjöllun Morgunblaðsins er Framsóknarflokkurinn. Blaðið fjallar lítið um aðkomu hans í rannsóknarskýrslunni en hann kemur aðeins fyrir í sjö greinum. Flokkurinn fær neikvæða umfjöllun í 9,7% greina en hann fær hlutlausa ímynd í 3,8% greinanna. Um miðjan apríl hófst stórt og mikið gos í Eyjafjallajökli sem hafði þær afleiðingar að umfjöllun um rannsóknarskýrslu Alþingis varð minni en búist var við. Frá 16. apríl tekur gosið í Eyjafjallajökli töluvert pláss í Morgunblaðinu en samt sem áður er ávallt fjallað með einhverjum hætti um skýrsluna. Nánar má sjá greininguna á umfjöllun Morgunblaðsins á myndum 1 og 2 hér að neðan (Morgunblaðið, 2010).





Mynd 2 - Stjórnarsýslan



## Fréttablaðið


Þann 10. apríl 2010 var töluvert skrifað um væntingar vegna rannsóknarskýrslu Alþingis í Fréttablaðinu. Blaðið tekur fyrir hvers sé að vænta úr skýrslunni í viðamikilli grein á bls. 28. Blaðið greinir frá því að nánast alveg frá því að efnahagshrunið skall á hafi heyrst í háværum röddum að aðdraganda hrunsins þyrfti að rannsaka og voru formenn stjórnmalaflokkanna þar fremstir í flokki. Fréttablaðið skrifar um að markmið skýrslunnar hafi einfaldlega verið að leita sannleikans. Blaðið greinir frá þeim ótal leiðum sem nefndinni var heimilt að fara til að komast til botns í málinu. Það mátti enginn eiga leyndarmál gagnvart nefndinni eins og blaðamaður Fréttablaðsins komst að orði. Blaðið vitnar í blaðamannafund þar sem Tryggvi Gunnarsson, einn af skýrsluhöfundunum, tjáir sig um að hann hafi oft verið gráti næst við vinnu sína. Slík umfjöllun gefur sterklega til kynna að í skýrslunni séu sorgleg og erfið mál. Hægt er að ímynda sér eftir þessi orð að niðurstaða nefndarinnar sé mjög svo dökk. Í sama tölublaði er einnig fjallað um að ekki sé einungis hægt að skella skuldinni á Jónas Fr. Jónsson, fyrrverandi forstjóra Fjármálaeftirlitsins, heldur hafi kerfið sjálft búið til umhverfið sem unnið var eftir. Kerfið hafi boðið upp á að vera misnotað og því hafi verið erfitt að verjast því.

Á tímabilinu 9. apríl til 23. apríl voru alls skrifaðar 88 greinar sem fjölluðu á einhvern hátt um niðurstöðu rannsóknarnefndar Alþingis. Í skýrslunni er reynt að koma auga á hver hafi verið ástæðan fyrir eins alvarlegu hruni og raun bar vitni. Forsíða Fréttablaðsins 13. apríl, daginn eftir útgáfu rannsóknarskýrslu Alþingis, skartar sterkri fyrirsögn en þar stendur: „Enginn gekkst við ábyrgð“. Forsíðufyrirsögn Fréttablaðsins vísar sterklega til þess að valdhafar þjóðarinnar hafi með engu móti séð sín mistök í aðdraganda hrunsins og þar með ekki axlað neina ábyrgð á málinu. Forsíðan gaf því sterklega til kynna hvernig Fréttablaðið myndi beita sér í umfjöllun sinni á rannsóknarskýrslu Alþingis. Ef litið er á umfjöllun Fréttablaðsins þegar kemur að fjármálafyrirtækjum landsins þá kemur í ljós að Landsbankinn fær virkilega neikvæða umfjöllun. Landsbankinn fær neikvæða umfjöllun í 35 greinum alls, sem eru 40% allra greina í blaðinu á umræddu tímabili. Það að ríkið hafi þurft að gangast við ábyrgð á Icesave hafði það í för með sér að bankinn fékk mjög svo neikvæða ímynd á sig. Blaðið fjallar aftur á móti um bankann í jákvæðu ljósi í 4,5% tilfella og sama er að segja um hlutlausu umfjöllun eða 4,5%. Annar banki sem fær heldur dapurlega ímynd á sig eftir umfjöllun blaðsins er Kaupþing banki. Bankinn fær neikvæða umfjöllun í 34% greinanna á tímabilinu eða í 30 greinum af 88. Aðeins í einni grein er fjallað um bankann á hlutlausan hátt


og einnig kemur það aðeins einu sinn fyrir að bankinn fái jákvæða ímynd. Eftir efnahagshrunið bárust fréttir af því að Kaupþing hefði verið stærsti bankinn í landinu og ríkið hefði þurft að ábyrgjast gríðarlega mikla fjárhæð eftir gjaldþrot Kaupþings. Fjölmiðlar landsins hófu stuttu eftir hrun að birta fréttir af óeðlilegum viðskiptum innan bankans og þar hafi bankinn verið grunaður um ýmis efnahagsbrot. Þessi mál voru til umfjöllunar hjá rannsóknarnefnd Alþingis og síðan send til sérstaks saksóknara til umfjöllunar, en þar eru þau mál enn í dag. Þetta ku vera ástæðan fyrir virkilega neikvæðri umfjöllun af hálfu Fréttblaðsins. Glitnir banki fær töluvert neikvæða umfjöllun hjá Fréttablaðinu en samt sem áður ekki eins slæma og hinir bankarnir tveir. Fréttablaðið fjallar um Glitni banka í neikvæðu ljósi í 25% greina sem tengjast rannsóknarskýrslu Alþingis. Jákvætt er fjallað um bankann í einni blaðagrein en hlutlaus umfjöllun kemur fyrir tvisvar á umræddu tímabili.

Eignarhaldstengsl Glitnis banka við önnur fyrirtæki höfðu sífellt verið í umræðunni en sú umfjöllun gefur bankanum slæma ímynd. Eignarhaldstengsl bankans við fyrirtækið Baug Group hafa verið milli tannanna á fjölmiðlum oft og þá í neikvæðri mynd. Baugur Group kemur aðeins fyrir í 13 greinum af 88 þegar aðeins eru skoðaðar fréttir sem tengjast rannsóknarskýrslu Alþingis. Neikvæð umfjöllun tengd Baugi er töluvert minni en um bankana þrjá sem skýtur nokkuð skökku við þar sem fram kemur í rannsóknarskýrslu Alþingis að Baugur Group og tengd fyrirtæki voru sögð vera skuldsettustu fyrirtækin á Íslandi. Ef litið er nánar á umfjöllun blaðsins gagnvart stjórnarsýslustofnunum þá kemur það í ljós að Seðlabanki Íslands fær mjög svo neikvæða ímynd á sig í Fréttablaðinu. Blaðið birti stóra grein 14. apríl um vanhæfni seðlabankastjóranna og skýrir í leiðinni út hvað hafi farið úrskeiðis í starfsemi bankans. Seðlabankinn á að hafa tapað um 300 milljörðum króna við hrun íslenska bankakerfisins og því gagnrýnir blaðið gríðarlega hvers vegna bankinn hafi ekki fengið traustara veð vegna útlána til bankanna í landinu. Davíð Oddsson, fyrrverandi seðlabankastjóri, fær sinn skerf af gagnrýni, en Fréttablaðið telur hann hafa verið vanhæfan í starfi og því gert mörg mistök. Blaðið fjallar í 19% tilfella neikvætt um Seðlabankann eða í 19 greinum. Hlutlaus umfjöllun um bankann er 3,5% þegar litið er á heildarfjölda greinanna. Fjármálaeftirlitið fær einnig töluvert mikla umfjöllun í Fréttablaðinu og er hún mestmegnis neikvæð. Neikvæð umfjöllun í garð Fjármálaeftirlitsins kemur fram í 13 greinum eða í 14,7% tilfella. Töluvert er fjallað hlutlaust um stofnunina eða í 6 greinum sem jafngildir um 7%. Stjórnmalaflokkarnir eru mikið í umræðunni þegar kemur að umfjöllum Fréttablaðsins eftir útgáfu rannsóknarskýrslu Alþingis. Sjálfstæðisflokkurinn kemur verst út úr greiningunni en hann fær á sig mikla gagnrýni og slæma ímynd. Fréttablaðið fjallar á neikvæðan hátt um Sjálfstæðisflokkinn í 23% greinanna. Það kemur töluvert mikið á óvart að hlutlaus umfjöllun

um flokkinn kemur fram í 9 greinum af 88 eða í 10,3% tilfella. Fjölmiðlarnir virtust skella skuldinni mikið á Sjálfstæðisflokkinn eftir efnahagshrunið 2008 og því kann það að koma á óvart hversu hlutlausa afstöðu Fréttablaðið tekur í umfjöllun sinni gagnvart Sjálfstæðisflokknum. Samfylkingin fær sinn skammt af umfjöllun eftir að skýrslan leit dagsins ljós. Flokkurinn fær á sig neikvæða ímynd í 18,9% greina blaðsins á tímabilinu 9.-23. apríl. Samfylkingin fær aftur á móti 5,7% jákvæða umfjöllun sem verður að teljast töluvert á þessu tímabili en alls var fjallað um Samfylkinguna í jákvæðum skilningi í 5 greinum af 88. Líkt og í öðrum blöðum kemur Framsóknarflokkurinn lítillega við sögu í umfjöllun blaðsins um rannsóknarskýrslu Alþingis en alls voru skrifaðar sex greinar sem fjölluðu á einhvern hátt um flokkinn í Fréttablaðinu á umræddu tímabili. Neikvæð umfjöllun kom fram í þremur greinum, jákvæð í einni grein og hlutlaus í tveimur greinum. Gosið í Eyjafjallajökli tók einnig töluvert pláss í Fréttablaðinu á þessum tíma og eflaust hefði verið fjallað meira um skýrsluna ef ekki hefði verið fyrir eldgosinu í Eyjafjallajökli. Nánar má sjá greiningu á umfjöllun Fréttablaðsins á myndunum hér að neðan (Fréttablaðið, 2010).




Mynd 4 - Stjórnsýslan




## DV

Á tímabilinu 9. apríl til 23. apríl voru alls skrifaðar 56 greinar sem fjölluðu á einhvern hátt um niðurstöðu rannsóknarnefndar Alþingis. Dagblaðið Vísir gaf út alls sjö tölublöð á tímabilinu sem öll gáfu mismunandi mynd af rannsóknarskýrslu Alþingis og hvernig nefndin fjallaði um helstu þátttakendur hrunsins. Forsíða DV 13. apríl, daginn eftir útgáfu rannsóknarskýrslu Alþingis, var gríðarlega áhrifamikil en þar stóð: „Loksins! Sökudólgarnir afhjúpaðir“. Fyrir ofan fyrirsögnina voru myndir af þeim ráðamönnum sem höfðu samkvæmt skýrslunni sýnt af sér vanrækslu í starfi. Þar má nefna fyrrverandi forsætisráðherra, fyrrverandi viðskiptaráðherra, seðlabankastjórana, fyrrverandi fjármálaráðherra og fyrrverandi forstjóra Fjármálaeftirlitsins. Fyrir neðan fyrirsögnina voru myndir af áberandi mönnum úr viðskiptalífinu. Forsíðan gefur það sterklega til kynna hverjir séu sökudólgarnir að mati DV. Blaðið leggur mikla áherslu á að fjalla um hlut fjármálafyrirtækja landsins í efnahagshruninu. DV greinir ítarlega frá því hvernig rannsóknarskýrsla Alþingis fjallar um aðdraganda hrunsins og hvernig stærstu fjármálafyrirtækin komu að málunum. Landsbankinn fær sérstaklega neikvæða ímynd á sig á þeim tveimur vikum sem um ræðir. Af þeim 56 greinum þar sem fram kemur umfjöllun um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis er fjallað á neikvæðan hátt um Landsbankinn í 19 eða í um 34% tilvika. Bankinn fær nokkuð hlutlausa umfjöllun í fjórum greinum en aldrei er fjallað um fyrirtækið á þann máta að lesandinn upplifi starfsemi bankans á jákvæðan hátt. Glitnir banki fær einnig töluvert slæma ímynd á sig eftir umfjöllun blaðsins eftir útgáfu skýrslunnar. DV fjallar á neikvæðan hátt um Glitni í 16 greinum eða í 29% greinanna. Bankinn fær einnig hlutlausa umfjöllun í fjórum greinum, en eins og með Landsbankann þá fær Glitnir hvergi jákvæða umfjöllun. Sömu sögu er að segja af Kaupþingi banka en hann fær einnig neikvæða ímynd á sig í 16 greinum af þeim 56 þar sem rannsóknarskýrsla Alþingis er til umræðu. Kaupþing fær hlutlausa umfjöllun í þremur greinum en enga jákvæða grein er að finna í DV um Kaupþing á þeim tveimur vikum sem voru rannsakaðar. Ef litið er á umfjöllun blaðsins um eitt stærsta fjármálafyrirtæki landsins, Baug Group, þá kemur í ljós að í 13 greinum er fjallað á neikvæðan hátt um fyrirtækið eða í 23% tilvika. Aðeins í tveimur greinum er fjallað hlutlaust um fyrirtækið og aldrei er ritað á jákvæðan hátt um Baug. Þann 16. apríl er fjallað gríðarlega mikið um Baug Group og til að mynda er stór mynd af Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, fyrrverandi forstjóra Baugs, á forsíðu blaðsins þar sem stendur „Höfuðpaurinn“, en þar er bladið að vísa til þess að Baugur Group og önnur tengd fyrirtæki beri mikla ábyrgð á hruninu. Jón Ásgeir Jóhannesson

er í raun tekinn af lífi í þessu blaði og Baugur Group fær á sig virkilega neikvæða ímynd. Blaðið leggur meiri áherslu á umfjöllun sem miðar að fjármálafyrirtækjunum heldur en þá þætti sem snúa að stjórnsýslunni. Sjálfstæðisflokkurinn fær langtum verstu umfjöllunina þegar kemur að stjórn málaflokkunum í DV. Í 38% greina sem snúa að rannsóknarskýrslu Alþingis er fjallað á neikvæðan hátt um Sjálfstæðisflokkinn í blaðinu eða í 21 grein en aðeins í tveimur greinum fær flokkurinn hlutlaus umfjöllun. Blaðið fjallar minna um hlut Samfylkingarinnar en flokkurinn kemur fram í 16 greinum. Í tíu þeirra er fjallað á neikvæðan hátt um flokkinn sem gerir 18% en í fimm greinum kemur fram hlutlaus umfjöllun um Samfylkinguna. Flokkurinn fær jákvæða umfjöllun hjá DV í einni grein en sömu sögu er ekki að segja um Sjálfstæðisflokkinn. Lítið er fjallað um Framsóknarflokkinn á tímabilinu 9.-23. apríl 2010 en hann kemur aðeins fyrir í þremur greinum sem gefa allar neikvæða ímynd af flokknum. DV fer ófögrum orðum um Seðlabanka Íslands. Alls eru 15 greinar í blaðinu sem innihalda umfjöllun sem varpar neikvæðu ljósi á stofnunina. Fjallað er um Seðlabankann með hlutlausum hætti í fjórum greinum en aftur á móti er engin grein sem inniheldur jákvæða umfjöllun. Fjármálaeftirlitið er mikið í umræðunni hjá DV og fær sú stofnun heldur neikvæða umfjöllun. Í 25% greinanna er fjallað á neikvæðan hátt um FME eða í 14 greinum alls. Aðeins í einni grein kemur fram hlutlaus umfjöllun og aldrei er talað um stofnunina á jákvæðan hátt (Dagblaðið Vísir, 2010).



Mynd 6 – Stjórnisýslan






## Viðskiptablaðið


Á tímabilinu 9. apríl til 23. apríl voru alls skrifaðar 17 greinar í Viðskiptablaðið sem fjölluðu á einhvern hátt um niðurstöðu rannsóknarnefndar Alþingis. Blaðið kemur aðeins út einu sinni í viku og leggur ávallt megináherslu á viðskipti innanlands jafnt sem erlendis. Það þarf því vart að taka fram að umfjöllun blaðsins á því tímabili sem tekið var til athugunar er mestmegnis um fjármálafyrirtæki. Eftir að hafa skoðað bæði blöðin kom í ljós að Glitnir Banki fékk verstu umfjöllunina en í 11 greinum af þeim 17 sem tengdust rannsóknarskýrslu Alþingis var fjallað á neikvæðan hátt um bankann en það jafngildir 65% tilvika.

Landsbankinn fékk neikvæða umfjöllun í níu greinum eða 53% greina. Minna er fjallað um Kaupþing banka í Viðskiptablaðinu en fyrirtækið fær neikvæða umfjöllun í átta greinum af þeim 17 sem fjölluðu um skýrsluna. Baugur Group kemur aðeins fyrir í þremur greinum á tímabilinu en þar af eru tvær greinar sem sýna bankann í neikvæðu ljósi. Ef litið er á umfjöllun blaðsins gagnvart stjórnmalaflokkum og stjórnsýslustofnunum þá kemur það berlega í ljós að blaðið leggur mun minni áherslu á slíka málaflokka. Seðlabanki Íslands er mikið til umræðu í Viðskiptablaðinu á þeim tveimur vikum sem um ræðir. Í 35% blaðagreinanna er fjallað á neikvæðan hátt um Seðlabankann eða í sex greinum.

Fjármálaeftirlitið fær ekki eins mikla umfjöllun og Seðlabankinn en stofnunin kemur aðeins fyrir í fjórum greinum. FME fær neikvæða ímynd á sig í þremur greinum en í einni grein er fjallað um stofnunina á hlutlausan hátt. Þegar litið er á íslensku stjórnmalaflokkana þá fá þeir mjög svipaða umfjöllun í Viðskiptablaðinu. Sjálfstæðisflokkurinn fær neikvæða umfjöllun í fjórum greinum en Samfylkingin í þremur. Fjallað er um báða flokkana á hlutlausan máta í tveimur greinum. Framsókn fær sem fyrr litla umfjöllun í blaðinu og kemur aðeins fyrir í tveimur greinum. Niðurstöðurnar má sjá hér á myndum 7 og 8 að neðan.



Mynd 8 - Stjórnsýslan



## Umræður og lokaorð

Eftir þessa athugun má leiða hugann að því hvort eignarhaldstengsl og hagsmunatengsl hafi áhrif á umfjöllun blaðanna. Þau gögn sem liggja hér fyrir ættu að styrkja slíka kenningu. Það sem er áhugavert við niðurstöður rannsakandans er hversu mikill munur er á umfjöllun milli blaðanna. Til að mynda birtir Morgunblaðið á forsíðu sinni daginn eftir útgáfu skýrslunnar að ábyrgðin sé hjá bönkunum sem gaf til kynna hverskonar stefnumótun blaðið myndi setja sér. Aftur á móti var allt annar bragur á forsíðu Fréttablaðsins sama dag en þar stóð „Enginn gekkst við ábyrgð“ sem gefur það til kynna að helstu valdhafar þjóðarinnar hafi ekki viðurkennt mistök sín. Hægt er að lesa það út úr þessari forsíðu að sökin hafi verið hjá valdhöfunum og stjórnámálamönnum. Þetta eru í raun andstæður í stefnumótun hjá blöðunum og maður hlýtur að spyrja sig hver sé ástæðan fyrir því. Forsíða DV var í raun allt önnur þann 13. apríl 2010 en þar stendur „Loksins! Sökudólgarnir afhjúpaðir“ sem gefur til kynna að ábyrgðin sé bæði hjá fjármálafyrirtækjunum og valdhöfunum. Þar tekur blaðið í raun ekki eins afdrifaríka afstöðu og hin blöðin tvö. Nokkrir aðrir þættir greina blöðin í sundur í þeirra umfjöllun.

Ef litið er á umfjöllun blaðanna um fjármálafyrirtækið Baugur Group þá kemur í ljós að mikill munur er á stefnu blaðanna. Morgunblaðið fjallar á neikvæðan hátt um Baug í 23% greinanna sem snerta rannsóknarskýrslu Alþingis. Fréttablaðið tekur allt aðra stefnu en neikvæð umfjöllun gagnvart Baugi í Fréttablaðinu er aðeins 14 %. Neikvæð umfjöllun tengd Baugi er töluvert minni en hjá bönkunum þremur sem skýtur nokkuð skökku við þar sem fram kemur í rannsóknarskýrslu Alþingis að Baugur Group og tengd fyrirtæki voru sögð vera skuldsettustu fyrirtækin á Íslandi (Rannsóknarnefnd Alþingis, 2010, bls. 182).

Seðlabanki Íslands fékk misjafna umfjöllun milli blaða. Morgunblaðið veitir Seðlabankanum ekki eins mikla athygli og Fréttablaðið. Fjallað er á neikvæðan hátt um Seðlabankann í 5,7% greinanna eða í þremur greinum. Seðlabankinn fær jákvæða umfjöllun í einni grein og einnig hlutlaus umfjöllun í einni grein í umfjöllun Morgunblaðsins. Þess má geta að ritstjóri Morgunblaðsins þegar skýrslan kom út var Davíð Oddsson, fyrrverandi seðlabankastjóri. Fréttablaðið telur aftur á móti að stjórnendur Seðlabankans hafi sýnt mikla vanrækslu í aðdraganda hrunsins. Blaðið fjallar í 19% tilfella neikvætt um Seðlabankann eða í 19 greinum. Hér sést hversu mikill munur er á umfjöllun blaðanna.

Ef litið er á umfjöllun blaðanna um stjórnmaflokkan í landinu kemur Sjálfstæðisflokkurinn yfirleitt verst út. Aftur á móti fær Samfylkingin á sig neikvæðustu

ímyndina í Morgunblaðinu eða í 27% greina blaðsins. Sjálfstæðisflokkurinn fær neikvæða umfjöllun í 23% greina og hlutlausa umfjöllun í 11,5%. Þessi niðurstaða kann að koma á óvart en Sjálfstæðisflokkurinn var leiðandi afl í stjórnámálum í mörg ár og fær í raun mikla útreið í rannsóknarskýrslu Alþingis. Í Fréttablaðinu kemur Sjálfstæðisflokkurinn verst út úr greiningunni og fjallar Fréttablaðið á neikvæðan hátt um Sjálfstæðisflokkinn í 23% greinanna. Bankarnir þrír fá í raun mjög svipaða umfjöllun í blöðunum og ekki er hægt að sjá marktækan mun milli miðla. Það sem stendur í raun upp úr á þeim vettvangi er hversu slæma umfjöllun Landsbankinn fær hjá öllum blöðum og í raun er fjallað mest um bankann á neikvæðan hátt. Fjármálaeftirlitið stendur einnig sérstaklega illa eftir þessa athugun en öll blöðin virðast skella skuldinni töluvert á þá stofnun. FME fær mjög svo slæma umfjöllun hjá blöðunum. Eftir athugun af þessari gerð er hægt að draga þá ályktun að hagsmunatengsl og hlutlæg umfjöllun fjölmiðla fer ekki vel saman. Það virðist vera niðurstaðan að íslenskir fjölmiðlar gætu bætt starfshætti sína til muna þegar kemur að því að fjalla á óhlutdrægan hátt um tengda aðila. Aftur á móti til að fá enn marktækari niðurstöðu þá þarf að fara fram mun viðameiri rannsókn sem myndi spanna lengra tímabil. Eðlilegra væri einnig að rannsaka blöðin í heild sinni en ekki aðeins einblína á eitt málefni eins og í þeirri athugun sem um ræðir í þessari ritgerð. Fjölmiðlar þurfa á miklu aðhaldi í nútíma samfélagi og því væru slíkar rannsóknir virkilega mikilvægar svo að þeir þroskist á eðlilegan og hollan hátt.

## Heimildaskrá:

Alger, Dean, 1998. *Megamedia: How giant corporations dominate mass media, distort competition, and endanger democracy*. Boston: Roman and Littlefield Publishers, Inc.

Alþingi, 1994. *Lög um mannréttindasáttmála Evrópu, 10. gr.* Reykjavík. (sótt 15. desember 2010) <http://www.althingi.is/lagas/138b/1994062.html>

Arion banki, 2010. *Ágrip af sögu Kaupþings*. Reykjavík. (sótt 9. desember 2010) <http://www.arionbanki.is/Default.aspx?PageID=323>

Baugur Group, 2010. *Baugur*. Reykjavík. (sótt 2. desember 2010) <http://www.baugurgroup.is>

Blaðamannafélag Íslands, 2010. *Fjölmiðlar og skýrsla Rannsóknarnefndar Alþingis*. Reykjavík (sótt 16. Desember 2010) [http://www.press.is/news/fjolmidlar\\_og\\_skyrsla\\_rannsoknarnefndar\\_althingis/](http://www.press.is/news/fjolmidlar_og_skyrsla_rannsoknarnefndar_althingis/)

Dagblaðið Vísir, 2010. *Um DV*. Reykjavík. (sótt 9. desember 2010) <http://www.dv.is/dv/um-dv/>

Dagblaðið Vísir, 2010. *40.-46.tbl. DV*. Reykjavík.

Edward S. Herman & Noam Chomsky, 1988. *A Propaganda Model, Manufacturing Consent: The Political Economy of the Mass Media*. New York : Pantheon Books , bls. 1-35.

Fjármálaeftirlitið, 2010. *Starfsemin*. Reykjavík. (sótt 12. desember 2010) <http://www.fme.is/?PageID=25>

Framsóknarflokkurinn, 2010. *Sagan – Í tímans rás*. Reykjavík. (sótt 8. desember 2010) [http://www.framsokn.is/Flokkurinn/Sagan\\_-\\_I\\_timans\\_ras](http://www.framsokn.is/Flokkurinn/Sagan_-_I_timans_ras)

Fréttablaðið, 2010. *82.- 94 tbl. Fréttablaðsins*. Reykjavík:Ísafoldprentsmiðja

Glitnir, 2010. *Um Glitni*. Reykjavík. (sótt 13. desember 2010) <http://www.glitnir.is>

Gunnar Helgi Kristinsson, 2007. *Íslenska stjórnkerfið*. 2. útg. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Landsbankinn, 2010. *Banki allra landsmanna í meira en 120 ár*. Reykjavík. (sótt 10. desember 2010) - <http://www.landsbanki.is/UmLandsbankann/Starfsemi/Saga/>

Litla Ísland, 2010. *Þórsörk ehf. – félag*. Reykjavík. (sótt 10. desember 2010) <http://www.litlaisland.net/corruption/184/orsmork-ehf/>

McQuail, Dennis , 2010. *McQuail's Mass Communication Theory*. 6.útg. London: SAGE Publicaction Ltd.

Morgunblaðið, 2010. *Fyrirtækið*. Reykjavík. (Sótt 8.desember 2010).  
<http://www.mbl.is/mm/mogginn/fyrirtaekid/>

Morgunblaðið, 2010. *81.-93.tbl. Morgunblaðsins*. Reykjavík: Landsprent ehf.

Nefnd Menntamálaráðherra, 2005. *Skýrsla nefndar Menntamálaráðherra um íslenska fjölmiðla* (Rannsóknarskýrsla). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Rannsóknarnefnd Alþingis, 2010. *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir, 7.bindi*.Reykjavík: Oddi hf. , bls. 27, bls. 159, bls. 182.

Rannsóknarnefnd Alþingis, 2010. *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir, 1.bindi*.Reykjavík: Oddi hf. ,bls. 46, bls.156.

Rannsóknarnefnd Alþingis, 2010. *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir, 8.bindi*.Reykjavík: Oddi hf. ,bls. 195-277.

Samfylkingin, 2010. *Um flokkinn*. Reykjavík. (sótt 13.desember 2010)  
<http://www2.samfylking.is/Forsida/Umflokkinn/>

Sjálfstæðisflokkurinn, 2010. *Sjálfstæðisflokkurinn*. Reykjavík. (sótt 11.desember 2010)  
<http://www.xd.is/um-sjalfstaedisflokkinn/>

Seðlabanki Íslands, 2010. *Aðdragandi að stofnun Seðlabankans og nokkur atriði úr sögu bankans*. Reykjavík. (sótt 14.desember 2010) <http://www.seðlabanki.is/?PageID=26>

Vísir, 2010. *Fréttablaðið*. Reykjavík. (sótt 4.desember 2010)  
<http://visir.is/article/99999999/Frontpage/71218025>

Vísir, 2010. *Hlutafjáraukningunni lokið*.Reykjavík. (sótt 5. Desember 2010)  
<http://visir.is/article/20100331/VIDSKIPTI06/279306332/1271>

Vísir, 2009. *Stjórn Baugs óskar eftir gjaldþrotaskiptum*. Reykjavík, (sótt 7.desember 2010)  
<http://www.visir.is/article/20090311/VIDSKIPTI06/183604671/1042>

Viðskiptablaðið, 2010. *Um Viðskiptablaðið*. Reykjavík. (sótt 5. Desember 2010)  
<http://www.vb.is/sida/17>